

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 8. mars 2024
Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Birna Þórarinsdóttir (UNICEF), Bryndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Erna Bjarnadóttir (Miðflokkur, á Teams), Geir Gunnlaugsson (Háskóla Íslands), Gísli Rafn Ólafsson (Píratar), Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (Alþýðusamband Íslands), Kolbrún Pálsdóttir (Barnaheill), Ragnar Schram (SOS barnaþorp), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi), Sjöfn Vilhelmsdóttir (GRÓ-LRT, á Teams) og Þórarinn Ingi Pétursson (Framsóknarflokkur, á Teams).

Bjarni Jónsson (Vinstri græn), Halldór Halldórsson (Íslenska kalkþörungafélagið), Jakob Frímagn Magnússon (Flokkur fólksins), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Stella Samúelsdóttir (UN Women á Íslandi), Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (Viðreisn) og Þórunn Sveinbjarnardóttir (Samfylking), boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir.

Hluta fundarins sátu að auki: Anna Hjartardóttir (utanríkisráðuneyti), Auður Edda Jökulsdóttir (utanríkisráðuneyti), Irma Jóhanna Erlingsdóttir (Jafnréttisskóli GRÓ), Ósk Sturludóttir (utanríkisráðuneyti) og Þórarinna Söbech (utanríkisráðuneyti).

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (09:01)

Formaður fór yfir dagskrá fundarins og opnaði fundinn. Þema fundarins er jafnrétti í tilefni Alþjóðlegs baráttudags kvenna sem haldinn er þann 8. mars.

2. Jafnrétti í þróunarsamvinnu Íslands (09:04).

Ósk Sturludóttir og Þórarinna Söbech frá utanríkisráðuneytinu fóru yfir jafnrétti í þróunarsamvinnu Íslands. Ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 var samþykkt í desember sl. Í stefnunni eru mannréttindi og jafnrétti kynjanna þverlæg áhersluatriði en þau eru einnig höfð til grundvallar í allri þróunarsamvinnu Íslands. Gengið er út frá þeim útgangspunkti að virðing fyrir mannréttindum, jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna og stúlkna séu undirstaða framfara, velsældar og efnahagsþróunar. Í kjölfar COVID-19 faraldursins hefur orðið mikið bakslag í jafnréttismálum sem hefur haft langvarandi áhrif um heim allan.

Á undanförunum árum hafa yfir 80% af framlögum til tvíhliða þróunarsamvinnu og eyrnamerkta framlögum í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands haft það markmið að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Öll þrjú tvíhliða samstarfslönd Íslands eru neðarlega á jafnréttisstíku Sameinuðu þjóðanna og er unnið að fjölbreyttum jafnréttisverkefnum

í öllum þremur löndunum. Ísland hefur t.a.m. unnið að útrýmingu fæðingarfistils í samstarfi við Mannfjöldasjóð SP í öllum þremur tvíhliða samstarfslöndum, Malaví, Síerra Leóne og Úganda.

Jafnréttismálin eru höfð miðlæg í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands en áhersla er lögð á störf fjögurra stofnana í alþjóðlegri þróunarsamvinnu sem allar vinna að jafnréttismálum. Þær stofnanir eru Alþjóðabankinn, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), UN Women og Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Árið 2022 fékk utanríkisráðuneytið gullvottun frá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) fyrir vinnu á sviði jafnréttismála og þróunarsamvinnu. Var Ísland fyrsta framlagsríkið sem undirgekkst slíka vottun.

Auður Edda Jökulsdóttir frá utanríkisráðuneytinu sagði frá þingi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW 68) sem haldið er í mars en það er einn mikilvægasti viðburður í heimi á sviði kynjajafnréttis Þátttakendur á þinginu koma frá yfir 100 löndum og verða um 250 hliðarviðburðir. Jafnréttisskóli GRÓ verður með stóran hliðarviðburð að auki mun BSRB ásamt Stígamótum standa fyrir viðburði um Kvennaverksfallið 2023.

Það hefur orðið mikið bakslag í jafnréttismálum síðustu misserin og er verið að vinna hörðum höndum að finna hvað veldur því. Mikilvægt sé að fá alla að borðinu í þá vinnu. Í bakslaginu sé unnið gegn mannréttindum og lýðræði í heiminum og séu menntun, mannréttindi og valdefling meðal þeirra tóla sem við höfum til að berjast gegn því. Mörg lönd hafa tekið upp feminíska utanríkisstefnu og um 20 lönd hafa tilnefnt sérstaka erindreka í kynjajafnréttismálum. Ísland er með í aðgerðabandalagi sem ætlað er að vinna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi.

Í ár eru 30 ár frá því að haldin var ráðstefna í Kaíró sem lagði grunninn að UNFPA. Til eru Evrópsk þingmannasamtök sem vinna að bættari kyn- og frjósemisheilbrigði stúlkna og kvenna og stendur til að koma á fót íslenskum þingmannahópi sem vinnur að þessum málum.

Fundarmenn lýstu ánægju og stuðningi við góða vinnu að jafnréttismálum í þróunarsamvinnu á vettvangi fjölþjólegra stofnana. Samtímis var vakin athygli á því að mikilvægt væri að halda á lofti vinnu að jafnréttismálum í þeim löndum þar sem Íslendingar væru í samstarfi. Almennur stuðningur við heilbrigðisþjónustu og uppbyggingu skólasterfs væru til dæmis mikilvæg jafnréttismál. Slíkur stuðningur styddi við betri menntun beggja kynja og heilsu þungaðra kvenna. Hann legði grunn að lækkun mæðra- og barnadauða og væri framlag til að efla jafnrétti í heiminum.

3. Jafnrétti á óvissutímum (10:11).

Irma Jóhanna Erlingsdóttir, forstöðumaður Jafnréttisskóla GRÓ, sagði frá starfi Jafnréttisskólans og mikilvægi jafnréttis í þróunarsamvinnu. Nemendahópurinn í ár samanstendur af 23 nemendum frá 14 löndum og er hann sextándi nemendahópurinn frá stofnun skólans árið 2009. Markmið Jafnréttisskólans er að stuðla að kynjajafnrétt og félagslegu réttlæti í lágtekjuríkjum og fyrrum áttakavæðum. Upphaf Jafnréttisskólans má rekja til tilraunaverkefnis sem hófst árið 2009 og hefur skólinn verið rekinn við Háskóla Íslands frá upphafi. Um 300 einstaklingar eru tilnefndir ár hvert af sínum yfirmönnum en aðeins lítill hluti þeirra kemst inn í skólann hverju sinni. Námið er 30 einingar á meistarastigi og þurfa nemendur að hafa lokið a.m.k. einni háskólagráðu, koma frá lágtekjuríki og að vera í starfi eða aðstöðu til þess að hafa áhrif. 218 nemendur frá 35 löndum hafa útskrifast frá skólanum frá upphafi. Í ár samanstendur nemendahópurinn af 14 konum og 9 körlum.

Við horfum fram á alvarlegt bakslag á sviði jafnréttismála um heiminn allan sem hefur birst með ólíkum hætti síðustu misseri. Unnið hefur verið að því að veikja stöðu kvenna, hinsegin fólks og annarra minnihlutahópa. Jafnréttismál og jafnréttisstarf séu mikilvæg þegar kemur að sjálfbærri þróun og jafnrétti sé auk þess ein grunnforsenda þess að hægt sé að ná hinum 16 heimsmarkmiðunum. Jafnréttisstarf stuðli einnig að vellíðan barna og þeirra farsæld. Þá séu einnig bein tengsl á milli landsframléiðslu og kynjajafnréttis en það stuðlar að auknum hagvexti og velferð auk þess sem kynjajafnrétti sé forsenda friðar.

4. Frestun framlaga til UNRWA (10:45)

Anna Hjartardóttir frá utanríkisráðuneytinu sagði frá aðdraganda þess að ákveðið var að fresta framlögum til Palestínuflokkamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA). Þann 26. janúar komu fram ásakanir um að tólf starfsmenn stofnunarinnar hefðu átt aðild að hryðjuverkaárás Hamas 7. október sl. Fyrst um sinn var óljóst hvert umfang þeirra væri en ljóst að um alvarlegar ásakanir væri að ræða. Var því ákveðið að fresta greiðslu kjarnaframlags sem greiða átti á fyrsta ársfjórðungi. Síðan þá hafi fleiri upplýsingar komið fram sem varpað hafi betra ljósi á málið. Rannsóknir hófust strax eftir að ásakanirnar komu fram og voru þeir starfsmenn sem ásakaðir voru látnir fara frá störfum. UNRWA hafa verið með virka upplýsingagjöf varðandi stöðuna og hvernig unnið sé að málinu. Ráðherra sé vongóður um að greiðsla verði innt af hendi innan samningstímans.

Spurt var um stöðu rannsóknarinnar. Rannsóknin er enn í gangi og verður það svo í höndum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hversu ítarlega verði greint frá niðurstöðum hennar. Vegna alvarleika ásakananna þótti það skynsamlegast að bíða með að inna greiðsluna af hendi. Ekki sé búið að víkja frá samningi þar sem við erum enn innan fyrsta ársfjórðungs.

Spurt var hvort gerð hefði verið greining á því þegar ákvörðunin var tekin um hvaða áhrif þetta gæti haft á starfsemi UNRWA og hvort ráðuneytið hefði fengið einhver gögn til stuðnings ásakananna. Voru ekki með allar upplýsingar þegar ásakanirnar komu fram en fóru að fordæmi annarra líkt þenkjandi ríkja sem ákváðu að fresta greiðslum en spillingarmál þurfi alltaf að taka alvarlega. Ekki hafi sambærileg mál komið upp áður hjá þeim stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland styðji.

Fulltrúar lýstu yfir miklum áhyggjum og óánægju yfir ákvörðuninni og þeim áhrifum sem hún gæti haft en mikil neyð ríki á svæðinu. Mikilvægt sé að Ísland standi við sínar skuldbindingar og greiði kjarnaframlagið sem fyrst. Bent var á að frestun framlaga gæti bæði skaðað ímynd og starfsemi Sameinuðu þjóðanna og þá sérstaklega UNRWA. Fulltrúar bentu á að þau hefðu viljað umræðu um ákvörðunina í nefndinni. Ekki hafi öll líkt þenkjandi ríki ákveðið að fresta greiðslu framlaga vegna ásakananna.

Fundi lokið kl. 11:00.